

61. fundur

7. apríl 2022
1605076SA
Málalykill: 16.33

**Samstarfsnefnd
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Sjúkraliðafélags Íslands**

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Sjúkraliðafélags Íslands fimmtudaginn 7. apríl

Mætt voru:

Fulltrúi Sjúkraliðafélags Íslands: Sandra Bryndísardóttir Franks. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga: Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Hagvaxtarauki

Í gildandi kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga eru tengiákvæði við lífskjarasamninga á almennum vinnumarkaði um greiðslu hagvaxtarauka. Nú hefur forsendunefnd ASÍ og SA staðfest að hagvaxtarauki að upphæð 10.500 kr. komi á taxtalaun frá 1. apríl og til greiðslu þann 1. maí næstkomandi.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að frá 1. apríl bætist hagvaxtaraukinn 10.500 kr. við launatöflur gildandi kjarasamnings aðila. Hagvaxtaraukinn kemur til greiðslu frá og með mánaðarmótum apríl-maí 2022.

Fleira ekki gert.